

# Mars Pési

158.tbl. 13. Árgangur mars 2003  
Útgefandi Hrunamannahreppur.  
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir  
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410  
GSM.869-3094  
E-mail hruni@mmedia.is

## Ágætu lesendur!

Þá er það mars Pésinn.

Vonandi hefur ekki komið að sök sú seinkunn,  
sem orðið hefur á útgáfu Pésans í þessum mánuði.  
Í apríl er stefnt að því að blaðið komi út 16. apríl  
og skilafrestur á efni er til 12. apríl.

Ritstjóri

## Frá sundlauginni á Flúðum.

*Opnunartími:*

Mánudaga til fimmtudaga	18:00-22:00
Föstudaga	17:00-21:30
Laugard og sunnudaga	13:00-18:00

## Frá Búnaðarbankanum Flúðum.

Opnunartímar.

Alla virka daga frá kl. 11:15 – 16:00  
opið í hádeginu.

Bankastjóri mætir miðvikudagsmorgna.  
Hraðbankinn er alltaf opinn.

## Góði sveitungi!

Þarfnist þú aðstoðar við ýmis minni háttar verk,  
svo sem einhvers konar járnsmíði,  
eða lagfæringar á tækjum, þá get ég  
hugsanlega aðstoðað þig.  
Einnig hef ég traktorsgröfu til umráða  
og heyrúlluvagn til sölu  
Hugsaðu málið.

**Sveinn G. á Hrafnkelsstöðum**

## Barnapössun óskast!!

Okkur vantar duglega stelpu til að passa Anítu í  
sumar, og sjá um smá húsverk.

Aníta verður 4. ára í ágúst.  
Áhugasamir hringið í Kristínu  
486-6665 eða 692-6665

## Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudagana  
28 mars,

11. apríl og 25.apríl.

Pantið tímanlega.

Tímabantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.  
Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



Á einhver gamlan og góðan Kleinupott  
sem hann vill gefa mér?????

Krístín Karólína 486-6665

## VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

**Daglegar ferðir REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.**

Vöruafgreiðsla í Rvk., AÐALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík: mánud. – fimmtud.

kl. 17.00

og föstud. kl. 16.00.

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3742, Högnastíg 1, Flúðum.

Ágætu kvenfélagskonur!

Af óviðráðanlegum orsökum verður aðalfundur  
félagsins ekki haldinn fyrr en 11. apríl.

Nánar auglýst með dreifibréfi.

Kær kveðja

Stjórnin.

### Athugið!!!!

Læknir frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási

verður til viðtals í Heimalandi kl 14:00

**fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði í vetur.**

Sá / sú sem fékk lánaða “Shrek”

vídeóspóluna okkar, er vinsamlegast beðin

að skila henni.

Aníta og Gummi 486-6665

## **FLÚÐALEIÐ ehf.**

**Vöruflutningar**

**ferðaáætlun**

þriðjudaga - fimmtudaga - föstudaga

brottför frá VM kl 15:00

Frá: **VM-Flytjandi** flutningamiðstöðinni.

Klettagöðum 15, Reykjavík.

**VINSAMLEGAST PANTIÐ DEGI ÁÐUR**

Pálmar: 892-2370 Birgir Þór: 892-2371

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: [fludal@binet.is](mailto:fludal@binet.is)

**Flytjandi**

- á réttri leið

## BINGÓ – BINGÓ - BINGÓ

Ágætu sveitungar.

Kirkjukórinn verður með bingó föstudagskvöldið 28. mars.

Fjöldi góðra vinninga, meðal annars utanlandsferð.

Takið kvöldið frá. Þið heyrið nánar frá okkur.

Kveðja

Kirkjukórinn

Nú styttist í það að Karlakór Hreppamanna komi fram með afrakstur æfinganna í vetur. Við viljum aðeins minna á tónleikana hjá okkur í vor, en við munum auglýsa þá alla betur þegar nær dregur.

15.apríl.

Tónleikar í Grafarvogskirkju k.l. 20,30 ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum.

16.apríl.

Vortónleikar á Flúðum k.l. 21.00.

24.apríl.

Tónleikar í Árnesi k.l.21.00. ásamt Grundartangakórnum sem skipaður er starfsmönnum Álversins á Grundartanga.

26-27.apríl er vorferð kórsins þá ætlum við að storma í Borgarfjörðinn og syngja í Reykholtskirkju ásamt Kvennakór Borgarfjarðar.

Efnisskráin er þéttskipuð af bæði nýjum og gömlum lögum innlendum og erlendum. Eins munu nokkrir kórfélagar syngja einsöng og tvísöng með kórnum.

Vonumst til að sjá sem flesta.

KARLAKÓR HREPPAMANNA.

## Frá Nautgriparæktarfélagi Hrunamanna.

Aðalfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 18. mars 2003 í Félagsheimili Hrunamanna kl. 13.15.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Guðmundur Jóhannesson ráðunautur fjallar um kynbótastarfið.
3. Páll Lýðsson segir frá hvernig ritun bókarinnar gengur.
4. Kaffiveitingar í boði félagsins.
5. Umræður og fyrirspurnir.

Höfum fengið nokkrar myndir, þ.á.m. mynd af fyrstu kúnni sem fékk Huppuhornið. Hvetjum við ykkur enn og aftur til að skoða myndaalbúmin og lána okkur myndir úr kúabúskapnum til að nota í bókina.

Allir áhugamenn, fyrrum félagar og kúabændur, sem áhuga hafa á að koma upplýsingum til okkar eða spyrja um eitthvað tengt ritun bókarinnar eru velkomnir á fundinn.

Stjórnin.

Til leigu

Lítill 3 herbergja íbúð að Efra-Seli

Laus strax.

Upplýsingar hjá Danna eða Gunn á Efra-Seli S:486-6494

## VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

### **Daglegar ferðir REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.**

Vöruafgreiðsla í Rvk., AÐALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík: mánud. – fimmtud.

kl. 17.00

og föstud. kl. 16.00.

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3742, Högnastíg 1, Flúðum.

## Frá Leikskólanum Undraðandi.

### Umsóknir fyrir haustið.

**Ef foreldrar vilja breyta vistunartíma barnsins frá núliðnum vetri þarf að sækja um það fyrir 15.apríl n.k.**

**Nýjar umsóknir þurfa að berast fyrir sama tíma til leikskólastjóra.**

Umsóknareyðublöð er hægt að fá í leikskólanum.

Unnið verður úr umsóknum fyrir 1. maí og liggur þá fyrir vistunartími barna fyrir veturinn 2003-2004. Því verður afar erfitt að fá breytingar eftir þann tíma.

Þetta er gert vegna skipulags í nýjan leikskóla sem verður tekinn í notkun í byrjun ágúst.

### Vistunartímar leikskólans eru eftirfarandi

4 tíma vistun. 8.00-12:00 eða 13:00-17:00

5 tíma vistun 8:00-13:00

6 tíma vistun 8:00-14:00

7 tíma vistun 9:00-16.00

8 tíma vistun 8:00-16.00 eða 9:00- 17:00

9 tíma vistun 8.00-17:00

Kveðja Leikskólastjóri

### **Frá Kiwanisklúbbum Gullfossi**

Nú stendur til að gefa út nýja símaskrá fyrir Hreppa og Skeið.

Þeir sem óska eftir að koma á framfæri upplýsingum um ný

Eða breytt símanúmer eða netföng hafi samband fyrir 1. Apríl við

Guðjón Laxárhlið í síma 486-6634 netfang [guggilax@mi.is](mailto:guggilax@mi.is)

Magnús í Birtingaholti í síma 486-6670.netf. [magnush@simnet.is](mailto:magnush@simnet.is)

## “Bófaleikur á Broadway eða Bullets over Broadway”

Leiksýning **Menntaskólans að Laugarvatni** sem vera átti miðvikudagskvöldið 12. mars hefur verið færð fram um viku þ.e.a.s. yfir á miðvikudaginn **19. mars, kl 20:30**. Þetta er stórskemmtileg sýning með dansi og söng og vonumst við til að sem flestir sjái sér fært að koma.

F.h. Nemendafélagsins Mímis  
Svava Þorleifsdóttir, árshátíðarformaður

### **Deildafundur SS.**

Sameiginlegur fundur Hruna, Skeiða og Gnúpverja, verður haldinn miðvikudagskvöldið 19. mars kl 21:00 á Hestakránni Skeiðum.

Á fundinn koma Steinþór Skúlason og Páll Lýðsson og ræða stöðu félagsins.

Kosning deildarstjóra og fulltrúa á aðalfund.

Steinar Halldórsson gefur ekki kost á sér til endurkjörs deildarstjóra. Kaffi í boði félagsins.

Steinar Halldórsson

### **Opnunartími Bókasafns Hrunamanna**

Mánudaga. 20-21  
Þriðjud.til fimmtudaga 16-18

Sími 486-6708

Nýtt á bókasafninu: **Tímaritið Vikan**

Heitt á könnunni....

Bókavörður

### **Kompudagur - flóamarkaður -**

Vörðukórinn verður með alveg ótrúlega fjölbreyttan flóamarkað í Félagsheimili Hrunamanna, **laugardaginn 22. mars kl. 13.30 - 16.30**. Þar ægir öllu saman úr geymslum, kössum og handröðum kórfélaga, og má þar nefna notuð föt, skó, skartgrip, bækur, leikföng, pottablóm, skeifur, hjólaskauta, skrautmuni og bara allt mögulegt. Fullt af sniðugum tilboðum. Auðvitað má prúttu. Og auðvitað mun kórinn taka lagið. Allar vörur verða á hlægilegu verði. Komið og gramsið.

### **Kompunefnd Vörðukórsins.**

#### **Frá Versl. Grund Flúðum**

Opnunartími er sem hér segir:

Mánud-fimmtud. Kl:	8:30-19:00
Föstudaga	“ 8:30-20:00
Laugardaga	“ 10:00-20:00
Sunnudaga	“ 11:00-17:00

Fundarboð.

Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna verður haldinn í Heimalandi laugardaginn 22.mars kl 14:00.

Venjuleg aðalfundarstörf  
Gjaldkeri tekur við árgjöldunum  
Mætum vel og stundvíslega  
Kær kveðja

Stjórnin

Árið 2003, 5. mars kl. 14.00 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamanna-hrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsnefndar Akurgerði 6. Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Björn Kjartansson og Unnar Gíslason og sveitarstjóri Ágúst Kr. Björnsson.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð.

#### **Fundargerð veitustjórnar Hitaveitu Flúða haldinn 3. mars 2003.**

Á fundi hreppsnefndar var dreift fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða (H.F.) og nágrennis. Jafnframt var dreift athugasemdum hitaveitunnar vegna vinnu veitufyrirtækja á Suðurlandi vegna “Suðurorku”. Dagskrárliður nr. 1 í fundargerð H.F., fjárhagsáætlun ársins 2003. Samþykkt samhljóða.

Varðandi dagskrárlið nr. 2 í fundargerð H.F., athugasemdir vegna vinnu veitufyrirtækis vegna “Suðurorku”, athugasemdirnar samþykktar samhljóða.

Dagskrárliður nr. 3 í fundargerð H.F., ákvörðun um endurnýjun vinnubíls. Ragnar Magnússon gerði grein fyrir þeirri vinnu sem veitustjórn hefur látið fara fram við að bera saman ýmsa möguleika varðandi endurnýjun á vinnubíl. Nokkrir möguleikar hafa verið kannaðir ítarlega. Niðurstöður þeirra könnunnar er að sá bíll sem veitustjórn leggur til að keyptur verði, Ford F350, þjóni hlutverki veitunnar best og sé þannig búinn að hann lámaki viðbragðstíma veitunnar þegar bilanir verða og sé hagkvæmur í rekstri. Nokkrar umræður urðu um þetta mál.

Fulltrúar A-lista lögðu fram bókun þess efnis að þeir telja að kaupa eigi ódýrari bíl. Hreppsnefnd samþykkir með þremur atkvæðum H lista að endurnýja vinnubíl Hitaveitu Flúða á þann hátt sem veitustjórn leggur til. Fulltrúar A-lista sátu hjá. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram.

#### **Fundargerð fundar Oddvitaráðs uppsveita Árnassýslu haldinn 6. febrúar 2003.**

Oddviti gerð grein fyrir fundi oddvita þann 6. febrúar 2003.

Varðandi dagskrárlið nr. 3 í fundargerð Oddvitaráðs uppsveita Árnassýslu þá samþykkir hreppsnefnd samhljóða gjaldskrárhækkun vegna þjónustu embættis byggingarfulltrúa.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram.

#### **Fundargerð byggingarnefndar uppsveita Árnassýslu, haldinn 25. febrúar 2003.**

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

#### **Aðalfundur Hitaveitu Grafarhverfis haldinn 14. mars 2003, kosning fulltrúa á fundinn.**

Oddviti lagði til að Ágúst Kr. Björnsson mæti á aðalfundinn fari þar með fullt og ótakmarkað umboð hreppsnefndar á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

Aðalmönnum í hreppsnefnd er frjálst að mæta á fundinn.

#### **Aðalfundur Eignarhaldsfélags Hótel Flúða haldinn 24. mars 2003, kosning fulltrúa á fundinn.**

Oddviti lagði til að Ágúst Kr. Björnsson mæti á aðalfundinn fari þar með fullt og ótakmarkað umboð hreppsnefndar á fundinum.

Oddviti hvatti aðalmenn í hreppsnefnd til að mæta á fundinn ef menn ættu þess kost.

#### **Fundarboð vegna aðalfundar Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands haldinn 21. mars 2003, kosning fulltrúa á fundinn.**

Hreppsnefnd er sammála um að Sigurður Ingi Jóhannsson oddviti mæti á aðalfundinn og fari þar með fullt og ótakmarkað umboð hreppsnefndar á fundinum. Eiríkur Ágústsson verði hans varamaður.

Oddviti gerði grein fyrir þeim tillögum sem liggja fyrir fundinum um breytingar á samþykktum sjóðsins og þeim aðdraganda og athugasemdum sem fram hafa komið vegna þessa máls.

#### **Fundarboð vegna fundar um fráveitumál haldinn 7. mars 2003.**

Fundarboðið lagt fram. Lagt var til að sveitarstjóri færi á fundinn. Þá er hvatt til þess að fulltrúi USU nefndar mæti einnig.

#### **Rafrænt samfélag – niðurstöður og tillögur vinnuhóps sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu dags. 3. mars 2003.**

Fyrir fundinum liggur álit vinnuhóps sem oddvitaráð skipaði vegna hugsanlegrar þátttöku sveitarfélaganna í verkefni Byggðastofnunnar “Rafrænt samfélag”.

Vinnuhópurinn leggur til að sveitarfélögin leggi ekki frekari vinnu í að undirbúa þátttöku í verkefninu.

Þess í stað leggur vinnuhópurinn til við sveitarstjórnirnar að unnið verði að því að bæta netsambönd á svæðinu og samræma vinnu og stefnu sveitarstjórnanna þar að lútandi.

Samþykkt samhljóða.

#### **Aðalskipulag Hrunamannahrepps – Aðgerðaráætlun og fl.**

Hreppsnefnd er sammála um að stefna að því að vinna nauðsynlega heimavinnu vegna aðalskipulagsins á þessu ári.

Aðgerðaráætlun vegna aðalskipulagsins vísað til umfjöllunar í USU nefnd.

#### **Bygging leikskóla – 18. verkfundur og bréf Hrunamannahrepps dags. 19. feb. 2003.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **225. fundur stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands haldinn 25. febrúar 2003.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **Beiðni um umsögn vegna þingsályktunnar um samgönguáætlun.**

Fyrir fundinum liggur sameiginlega ályktun samgöngunefndar SASS vegna samgönguáætlunar 2003-2014 og 2003-2006.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða eftirfarandi ályktun.

*Hreppsnefnd Hrunamannahrepps vill ítreka að ástand safnvega, tengivega og hluta stofnbrauta innan marka sveitarfélagsins er með öllu óviðunandi. Ástand þeirra skaðar mjög ferðaþjónustu og verslun í sveitarfélaginu og beinlínis hrindir frá umferð ferðamanna. Þá verður ástand þeirra til að raska möguleikum íbúa hér til atvinnu og atvinnurekstrar og skekkir möguleika sveitarfélagsins til þess að standa jafnfætis öðrum sveitarfélögum þegar kemur til búsetuvals.*

*Við það verður ekki lengur unað að 1/3 hluti stofnbrautar í gegnum Hrunamannahrepp og hluti "Gullna hringsins" er enn óuppbyggður. Brýnt er að ljúka þessari leið og tengja þannig sveitarfélagið að nýju á viðunandi hátt við helstu ferðamannaleiðir svæðisins.*

*Þá er rétt að benda á að innan marka sveitarfélagsins er mjög kröftugur kúabúskapur og mjólkurframleiðsla og að vaggva matjurtaræktar Íslendinga er í Hrunamannahreppi. Ástand vega*

*og samgöngumannvirkja hefur skaðleg áhrif á metnaðarfulla atvinnustarfssemi þessara aðila.*

*Hreppsnefnd Hrunamannahrepps skorar á þingmenn Suðurlands, Samgöngunefnd Alþingis og þingmenn að beita sér fyrir því að stór auknu fé verði varið til tengi- og safnvega með sértækum aðgerðum.*

*Heilstæðar framkvæmdir við stærri vegamannvirki eru mikil samgöngubót. Nýleg ákvörðun ríkistjórnar um viðbótarfjármagn styrkir slíkar framkvæmdir. En brýnustu verkefni fyrir íbúa í uppsveitum Árnessýslu er uppbygging tengi- og safnvega. Þeir eru þjóðvegur íbúa hér og þeirra miljón ferðamanna sem sækja svæðið heim ár hvert.*

*Þá ítrekar Hreppsnefnd Hrunamannahrepps að hvergi verið vikið frá áformum um bygginu brúar yfir Hvíta og breikkun brúar yfir Stóru Laxá.*

*Hreppsnefnd telur brýnt að óska eftir fundi með þingmönnum Suðurlands og Samgöngunefnd Alþingis til þess að ræða ástand vega í sveitarfélaginu.*

*Að öðru leiti er tekið undir umsögn samgöngunefndar Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga um samgönguáætlun 2003-2014 og samgönguáætlun 2003-2006.*

Fundargerð upplesin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundagerð samþykkt, fundi slitið kl. 17:30.

Árið 2003, 26. febrúar kl. 14.00 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsnefndar Akurgerði 6. Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Björn Kjartansson og Unnar Gíslason og sveitarstjóri Ágúst Kr. Björnsson.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð.

#### **Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps og stofnanna hans 2003 og langtímaáætlun áráanna 2004-2006, síðari umræða.**

Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps vegna ársins 2003.  
Helstu kennitölur samstæðureiknings:

#### **Rekstrarreikningur:**

Tekjur samstæðu ..... 308.955.-  
Gjöld samstæðu ..... 271.947.-  
Niðurstaða án fjarmagnsliða..... 37.008.-

Fjármunagjöld ..... -18.619.-

*Rekstrarniðurstaða, framlegð frá rekstri .... 18.619.-*

#### **Efnahagsreikningur:**

Eignir:  
Fastafjármunir..... 430.047.-  
Veltufjármunir ..... 43.822.-  
  
Eignir samtals ..... 473.869.-

#### **Skuldir og eigið fé:**

Eigið fé .....207.080.-  
Langtímaskuldir .....201.600.-

Skammtímaskuldir ..... 65.189.-  
Skuldir og skuldbindingar samtals .....266.789.-

Skuldir og eigið fé samtals .....473.869.-

#### **Sjóðstreymi:**

Veltufé frá rekstri ..... 31.788.-  
Handbært fé frá rekstri ..... 26.710.-  
Fjárfestingahreyfingar..... 35.975.-  
Fjármögnunarhreyfingar ..... 9.184.-

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum:

Lúkning byggingu leikskóla ..... 33.625.-  
Miðlunargeymir í Langholtsfjalli ..... 15.000.-  
Aðveita/dreifilögn í framsveit ..... 12.750.-  
Gatnagerð við "Gamla Tún" ..... 18.000.-  
Stýrikerfi vatnsveitu ..... 3.500.-  
Tjaldsvæði ..... 3.000.-

Samtals ..... 85.875.-

Í þessari fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir kr. 2.000.000.- framagi til félagsheimilissjóðs vegna hallarekstur félagsheimilis.

Nokkrar umræður urðu um þennan lið. Á aðalfundi húseigendafélags félagsheimilis sem haldin var í des. 2002 var skipaður samstarfshópur eigenda til að endurskoða rekstur heimilisins. Tillögur hópsins liggja ekki fyrir.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að veita þennan styrk, þó skilyrt þannig að samþykkt þessi komi ekki til framkvæmda fyrr en húseigendafélag félagsheimilis hefur komist að niðurstöðu um breytt rekstrarfyrirkomulag og eigendur samþykkt það.



Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps og stofnanna hans vegna ársins 2003.

Þriggja ára áætlun áráanna 2004 – 2006.

Rekstrarreikningur	2004	2005	2006
Tekjur	319.011.-	325.483.-	331.529.-
Gjöld	290.644.-	292.141.-	298.149.-
Niðurstaða án fjármagnsliða	28.367.-	33.342.-	33.380.-
Fjármagnsgjöld	15.790.-	13.747.-	21.067.-
Rekstrarniðurstaða	12.577.-	19.595.-	21.067.-
Efnahagsreikningur:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	414.863.	-397.512.	- 378.246.-
Fastafjármunir	429.490.	- 412.739.-	394.073.-
Veltufjármunir	44.822.-	44.268.-	69.937.-
Eignir samtals	473.802.	457.007.-	464.011.-
Skuldir og eigið fé:			
Eigið fé	219.657.-	239.252.-	260.320.-
Langtímaskuldir	185.843.-	170.688.-	158.333.-
Skammtímaskuldir	68.302.-	47.067.-	45.358.-

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða þriggja ára fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps vegna áráanna 2004 – 2006.

#### Fundur fræðslunefndar haldinn 24. feb. 2003.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

#### Fundur leikskólaneftdar haldinn 17. feb. 2003.

Fundargerðin lögð fram.

#### Ársskýrsla byggingafultrúa uppsveita Árnassýslu árið 2002.

Ársskýrslan lögð fram.

#### Fundargerð bygginganeftdar uppsveita Árnassýslu haldinn 28. jan. 2003.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

#### Kaupsamningur vegna spildu úr landi Unnarholts – forkaupsréttur og fl.

Fyrir liggur kaupsamningur dags. 12.feb. 2003 þar sem Anna May Carlsson og Guðjón Traustason selja Hjördísi Ásberg og Hjörleifi Jakobsyni spildu úr landi Unnarholts.

Hreppsnefnd er sammála um að hafna forkaupsrétti.

#### Sorphirða – tilraun, minnisblað sveitarstjóra dags. 24. feb. 2003.

Minnisblaðið lagt fram. Hreppsnefnd er sammála um að nota tímann til vors og útfæra þessa tilraun og meta niðurstöður.

#### Drög að safnvegaáætlun 2002 – 2006.

Áætlunin lögð fram.

#### Umsögn vegna leyfis til reksturs kaffihúss.

Hreppsnefnd er sammála um að mæla með því að Árna Hjaltasyni verði veitt leyfi til reksturs kaffihússins Útlagans við Reykjabakkaveg.

#### Bréf eigenda Byggðarsafnsins í Gröf dags. 18. feb. 2003 og fleira því tengt.

Oddviti gerði grein fyrir fundi sem haldinn var á skrifstofu Hrunamannahrepps 18. febrúar sl. með oddvita, sveitarstjóra, Guðjóni Emilssyni, Lýði Pálssyni og Hirti Þórarinssyni þar sem farið var yfir málefni byggðasafnsins í Gröf og hugmyndir um stofu Fjalla-Eyvindar.

Í bréfi eigenda safnsins til hreppsneftdar er “óskað eftir afstöðu hreppsneftdar við því hvort hreppsneftnd hafa áhuga á að taka við rekstri safnsins og bæta aðbúnað þess”

Hreppsneftnd er sammála um að taka jákvætt í óskir eigenda varðandi að skoða vandlega breytt rekstrarform safnsins. Hreppsneftnd telur þó að mikilvæg forsenda þess sé að stofnað verði sjálfseignarfélag um safnið og forsjá þess, rekstur og mótnun framtíðarsýnar fræð stjórn slíks félags.

### **Bréf Fjárlaganefndar vegna Stofu Fjalla-Eyvindar.**

Bréfið lagt fram. Hreppsnefnd þakkar Fjárlaganefnd Alþingis fyrir veittann styrk til stofnunnar Stofu Fjalla-Eyvindar.

Jeppi: “ 3000,-alþrif= 4000

(verðsamkomulag á teflonbóni)

Get sótt bílinn ef þörf krefur.

**Uppl og pantanir í síma 866-9633 Erlingur Þór**

### **Bygging leikskóla – 17. verkfundur og bréf Hrunamannahrepps dags. 19. feb. 2003.**

Fundargerðin og bréf hreppsins lagt fram.

### **Vatnsgeymir í Langholtsfjalli – 2. verkfundur haldinn 30.1.2003.**

Fundargerðin lögð fram.

### **Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnessýslu árið 2003.**

Fjárhagsáætlunin lögð fram. Fram kemur að áætlaður hlutur Hrunamannahrepps í launakostnaði skólans vegna 2003 er kr. 5.279.958 af um 80 milljón króna launakostnaði.

Fjárhagsáætlun SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2003.

Fjárhagsáætlanir SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2003 lagðar fram. Fram kemur að kostnaður Hrunamannahrepps vegna SASS er áætlaður 296 kr. pr. Íbúa á árinu 2003 og vegna Heilbrigðiseftirlits kr. 535 pr. Íbúa.

### **100. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 21. jan. 2003.**

Fundargerðin lögð fram.

### **361. fundur stjórnar SASS haldinn 20. jan. 2003.**

Fundargerðin lögð fram.

### **362. fundur stjórnar SASS haldinn 5. feb. 2003.**

Fundargerðin lögð fram.

### **51. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn 5. feb. 2003.**

Fundargerðin lögð fram.

### **Bréf Bjarna Þorkelssonar formanns hestamannafélagsins Trausta dags.**

**12.1.2003.**

Bréfið lagt fram.

### **Beiðni um umsögn vegna þingsályktunnar um samgönguáætlun.**

Afgreiðslu þessa liðar frestað til næsta fundar hreppsnefndar.

Fundargerð upplesin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundagerð samþykkt, fundi slitið kl. 18:30.

## **BÓN---ÞRIF**

Tek að mér bón, þvott eða alþrif á bílnum þínum.

Nota einugis hágæða bílabón og hreinsivörur.

Vönduð vinna góð þjónusta.

Fólksbíll: bón= 2500,-alþrif= 3500